

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Grímsey 20 apríl 2015

Skýrsla forseta kiwanisklúbbsins Gríms fyrir svæðisráðsstefnu sem haldin er á Siglufirði 25. apríl 2015.

Starfsárið hjá okkur félögunum hefur gengið mjög vel í vetur. Okkur fjölgaði um fjóra strax á haustdögum og það er óhætt að segja að þessir félagar hafa verið frábær viðbót í starfinu. Allar nefndir hafa starfað vel og erum við búnir að styrkja félög og einstaklinga á aðra milljón. Stærsti styrkurinn fór til Mæðra- styrksnefndarinnar á Akureyri fyrir jólin, kr. 500.000,- Stjórnin sá um okkar árlega jólahlaðborð 6. desember sl ásamt stjórn Kvenfélagsins Baugs og þangað mæta allir þeir sem í eyjunni eru. Ágóðinn fer í hússjóð félagsheimilisins.

Fundartími hefur svolítið riðlast í mars og apríl vegna fjarveru sjómanna en alltaf hefur þetta reddast. Stjórnarfundir eru haldnir fyrir hvern fund. Sá óvenjulegi og skemmtilegi atburður átti sér stað er svæðisstjóri, Ólafur Jónsson, fundaði með okkur á konufundi 19. apríl. Of mörg starfsár hafa liðið án þess að við sjáum svæðisstjóra.

Árshátíðin okkar verður haldin 25. apríl. Vegna hennar og slæms útlits með veður reiknum við ekki með að fjölmenna á svæðisráðsstefnu en vonandi komast einhverjir.

Næstu stjórn skipa:

Forseti: Bjarni Gylfason

Fráfarandi forseti: Alfreð Garðarsson

Ritari: Davíð Ingi Sigurðsson

Gjaldkeri: Sigurður Henningsson

Með kiwaniskveðju,

Alfreð Garðarsson

Forseti Gríms.